

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag, Árbær 3a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 28. maí 2020, nýtt deiliskipulag af Árbæ 3a í Ölfusi. Deiliskipulagið nær til 2 ha svæðis við Ölfusá í Árbæ í Ölfusi.

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir að byggja einbýlishús og hesthús eða skemmu.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, Fiskalón.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. júní 2019, nýtt deiliskipulag af Fiskalóni í Ölfusi. Svæðið er um 9,3 ha að stærð og er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Þar er það merkt sem I8, skráð sem fiskeldisstöð með athafnasvæði beggja vegna Þorlákshafnarveggar.

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir að byggja tvö einbýlishús, atvinnuhúsnæði, auk kerja og tæknibúnaðar sem tengist starfseminni.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 15. október 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.